

... og það varð ljós, vitundarvakning, en það þurfti stríð til



Ole Anton Bielvedt

alþjóðlegur kaup-sýslumaður og stjórnmaðlarýnir

Aðild okkar að EES og Schengen-samkomulaginu hefur tryggt okkur efnahagslegar framfarir og margvíslegt frelsi langt umfram það, sem áður hafði þekkzt.

Með EES-samningnum komumst við með allar okkar framleiðsluvörur og afurðir, frjáltslega og að mestu leyti tollalaust, inn á stærsta markað heims; nú 27 ríki með um 450 milljónir íbúa.

Samtímis opnaðist okkur að mestu vegabréfalaust frelsi til heim-sókna, dvalar og búsetu í öllum þessum löndum, með fullum réttindum til starfa, atvinnu og eigin reksturs.

En EES-samningurinn var alltaf hugsaður til bráðabirgða.

Samningurinn veitir því ekki aðgang að nefndum, ráðum eða framkvæmdastjórn ESB, né heldur setu okkar fulltrúa, þingmanna, á Evrópuþinginu; m.ö.o. við undir-gengumst það, sem átti að vera um stund, að taka upp tilskipanir, reglugerðir og lög ESB – sem reyndar eru nær allar af hinu góða – án þess að hafa nokkuð um þær að segja.

Þetta er auðvitað ófært til lengdar. Sem betur fer hefur nú allt í einu orðið mikil breyting á afstöðu meirihluta landsmanna til EES/ESB og Evrópu, en, það þurfti stríð og hörnungar í Evrópu til. Pútín, jafn kaldhæðnislegt og það er, varð til að opna augu efasemdarmanna.

Um 60% þeirra landsmanna, sem afstöðu taka í nýlegum þjóðarpólí Gallups, skilja, að við erum bezst komin í fullkomnu og fullgildu samstarfi við bræðra- og systraþjóðir okkar í Evrópusambandinu. Með fullri aðild.

Aðeins á þann hátt, getum við tryggt frelsi okkar, öryggi og velferð til frambúðar.

Valdablokkir framtíðar geta orðið fleiri og aðrar, en nú. Asia mun koma miklu stærkar inn í myndina, með um 2 milljarða íbúa í Kína og Indlandi, í hvoru landinu um sig, um næstu aldamót, og land eins og Indónesía mun þá hafa 400 hundruð milljónir íbúa og Pakistan meira en 300 hundruð milljónir.

Á sama tíma bendir flest til þess, að fólksfjöldi Evrópu muni mikið standa í stað, verða áfram um 500 milljónir í ESB löndunum, sem nú eru.

Með Bretlandi, sem örugglega mun bæstast aftur í hópinn á næstu áratugum, Noregi, Sviss og Tyrklandi, sem það sama gildir um, verðum við kannske 600-700 milljónir árið 2100.

Til hliðar við þessa fólksfjöldapróun og myndun nýrra valdablokka, kemur sú staðreynd, að mannkynið er að ganga svo hart á auðlindir jarðar, að, með óbreyttum mannfjölda og lifnaðarháttum, þyrftum við minnst aðra jörð til viðbótar til að viðhalda núverandi lífsstíl, sem þó er alls ekki beysinn alls staðar.

Auðvitað mun mannkynið finna leiðir til að stórauka nýtingu auðlinda, en enginn vafi leikur á, að þjóðir og þjóðafylkingar munu á komandi tímum takast hart á um þær, sem eftir verða; láð, lög og loft.

Hér erum við komin að kjarna málsins. Aðeins sameinuð þjóðríki Evrópu, fylking allra landa álfunnar, í samhentum og samstilltum formi, eins og einn maður væri, geta tryggt ytri

landamæri, öryggi, frelsi og velferð þegna álfunnar.

Í þessum efnum verður álfan að vera sjálfri sér nóg. Ríkjasamband Evrópu, Evrópusambandið, verður að geta varið álfuna og hagsmunir íbúa hennar, tryggt frelsi þeirra og öryggi, með eigin krafti og eigin varnarmætti.

Það þarf ekki að koma nema nýr Trump í Bandaríkjunum til þess að sprunga geti komið í þann samstarfsgrundvöll, sem NATO, Atlantshafsbandalagið, byggir á.

Evrópa getur heldur ekki treyst á bandamann, sem er þúsundir kílómetra í burtu, þó að full heilindi og samstaða héldust. Hernaðarferill Bandaríkjamanna á erlendri grund er heldur ekki sannfærandi eða traustvekjandi (Kórea, Víetnam, Afganistan, Írak).

Hugmyndir og hagsmunir kynnu líka að þróast í ólíkar áttir. Ekki er ósennilegt, að ríki Norður-Ameríku, Mexíkó meðtalin, myndi með sér forgangsbandalag fyrir Bandaríkjamenn.

Þess vegna verður Evrópa að verða sjálfri sér nóg, í öllum efnum.

Það er mikið gleðiefni, að skýr meirihluti Íslendinga virðist nú skilja þessa stöðu. Við erum ekki ein um þennan nýja og dýpri skilning á mikilvægi ESB fyrir okkur öll.

Ný umræða er komin af stað í Noregi um fulla aðild, og Danir, sem fengu undanþágu frá þátttöku í hernaðarsamstarfi ESB, stefna nú á fulla þátttöku.

Danskir menn eru klókir menn. Þeir skilja, að styrkur þjóða og þjóðabandalaga framtíðarinnar byggist jafnvel meir á efnahagslegum styrk og efnahagslegum slagkrafti, heldur en á þeim hernaðarlega.

Þess vegna dugur þeim ekki aðild að NATO, sem aðeins býr yfir hernaðarlegum mætti.

Nánast sömu Evrópuþjóðir eru í ESB og NATO. Má telja ljóst, að NATO renni á næstu árum inn í varnarsarfsemi ESB.

Það, sem upp á vantar fulla ESB-aðild hjá okkur, er einkum tvennt:

1. Samkomulag um fiskveiðar við Ísland og stjórn þeirra.

2. Endanlegt samkomulag um landbúnaðarmál.

Malta er litil eyþjóð háð fiskveiðum og ferðaþjónustu, eins og við. Þegar landið gekk í ESB 2003, fékk það full yfirráð yfir sínum fiskimiðum og fulla stjórnun sinnar fiskveiðilögsögu á grundvelli sögunnar, en Maltverjar höfðu sjálfir og einir farið með þessi yfirráð í ár og aldir.

Það virðist borðleggjandi, að við myndum fá sömu góðu úrlausnina fyrir þessi mál og Malta.

Þegar Svíar og Finnar gengu í ESB 1995, fengu þeir líka sérákvæði inn í samninginn fyrir landbúnaðinn. Við myndum eflaust fá sömu sérkjör.

Loks virðist sú staða vera komin upp, að það sé ekkert að vanbúnaði með það, að við Íslendingar tökum skrefið til fulls, inn í ESB, okkur sjálfum og Evrópu til góðs, en þá kemur upp sú spurning, hvað ríkisstjórn landsins gerir; virðir hún þennan nýja skýra vilja meirihluta þjóðarinnar og efnir til þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja aðildarumsókn, sem reyndar væri fremur að vekja upp þá gömlu, sem aldrei var lögformlega dregin til baka, eða hunzar ríkisstjórnin nýjan og skýran vilja meirihlutans?

Nú reynir á afstöðu Katrínar, Bjarna og Sigurðar Inga til lýðræðis og vilja meirihluta landsmanna. Það mun nú sannast, hvort þau séu raunverulegir og sannir lýðræðissinnar, eða ekki. ■



Ársfundur 2022 fimmtudaginn 31. mars

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn á Icelandair Hótel Reykjavík Natura, Nauthólsvegi 52, **fimmtudaginn 31. mars 2022 kl. 17:15.**

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2021 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
5. Kosning stjórnar. Kjörnefnd kynnr niðurstöðu rafræns stjórnarkjörs sem lýkur kl. 16:00 þann 30. mars 2022.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Rafrænt stjórnarkjör

Rafrænt stjórnarkjör fer fram frá kl. 12:00 þann 24. mars til kl. 16:00 þann 30. mars 2022. Kosið verður um tvö laus sæti til aðalmanns sem skulu að þessu sinni skipaðir körlum og hins vegar eitt sæti varamanns.

Upplýsingar um frambjóðendur og leiðbeiningar um fyrirkomulag kosninga er að finna á www.almenni.is.

Frambjóðendur eru: Albert Þór Jónsson, Árni Gunnarsson, Elmar Hallgríms Hallgrímsson, Frosti Sigurjónsson, Helgi S. Helgason, Kristinn Ásgeir Gylfason, Már Wolfgang Mixa, Reynir Jóhannsson, Viktor Ólason og Þórarinn Guðnason.

Ársreikningur, tillögur um breytingar á samþykktum og nánari upplýsingar um ársfundinn eru á heimasíðu sjóðsins. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.

Nánar á:
www.almenni.is



Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. mars 2022, virðisauka-skattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. mars 2022 og önnur gjaldfallin álöggð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. mars 2022, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattranssóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álöggðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálaefyrirteki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldanda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. mars 2022

Ríkisskattstjóri

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Sýslumaðurinn á Vestfirðum

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi

Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum